

### 39. fundur sveitarstjórnar Fljótsdalshrepps, Végarði 07.03 2017, kl. 13.30

---

Mættir voru allir aðalmenn sveitarstjórnar Anna Jóna Árnarsdóttir, Eiríkur Kjerúlf, Gunnþórunn Ingólfssdóttir, Lárus Heiðarsson og Þorvarður Ingimarsson.

Oddviti setti fund og gengið var til dagskrár

#### Dagskrá

1. Skýrsla oddvita
2. Deiliskipulag Geldingafell
3. Þjónustusamfélagið á Héraði
4. Eldri útihús á Langhúsum  
Minnisblað minjavarðar 18.10 2016
5. Gróðrarstöðin Barri
6. Ósk um umsögn á skipulagslýsingu/Fljótsdalshérað tölvupóstur dags. 16.02 2017
7. Samningur um afritun verndaðra verka
8. Fjallskil, greiðsla reiknings
9. Afskrift í bókhaldi
10. Bréf
  - a) Forsætisráðuneytið 13.02 2017
  - b) Þjóðskrá dags. 13.02 2017
  - c) Ríkisendurskoðun dags. 31.01 2017
  - d) LEX lögmannsstofa dags. 27.02 2017
  - e) Byggðastofnun dags. 22.02 2017
  - f) EBÍ Brunabót dags. 23.02 2017
  - g) Afrit af umsögn Brunavarna á Austurlandi , um reglugerð um eldvarnir og eldvarnareftirlit, dags, 10.02 2017
  - h) Minnisblað HSA dags. 28.02 2017
11. Umhverfisstyrkir  
Friðrik I. Ingólfsson , Valþjófsstað 2
12. Fjárbeiðnir
  - a) ALZHEIMER samtökin
  - b) Stuðningsfélagið Kraftur

### 13. Fundargerðir

- a) Ársalir 23.02 2017 . Breyting á samþykktum samlagsins.
- b) Félagsmálanefnd 22.02 2017
- c) HAUST 08.02 2017
- d) Almennavarnarnefnd Múlaþings 28.02 2017

### 14. Önnur mál

#### 1. Skýrsla oddvita.

Landsþing Sambands íslenskra sveitarfélaga er boðað í Reykjavík 24. mars. Aðalfulltrúi Fljótaldshrepps er oddviti og varaoddviti varamaður.

Umhverfisstofnun hefur sent út bréf þess efnis að skýrslur frá rekstraraðilum um meðhöndlaðan úrgang verði gerðar aðgengilegar á vefsíðu stofnunarinnar.

Lárus sat fyrir Fljótaldshrepp fund 09.02 ,á Egilsstöðum með Viðlagatryggingu. Fundinum var ætlað að fræða fulltrúa sveitarfélaga um hlutverk og skyldur Viðlagatryggingar Íslands og opinberra aðila varðandi náttúruhamfarir. Lárus sat einnig fjarfund 20. febrúar (í afl. oddvita) sem Sambandið boðaði til , þar sem rætt var um fjármálastefnu, fjármálaáætlun og fjármálareglur.

Oddviti og varaoddviti sátu sameiginlegan fund sveitarfélaga á Austurlandi, með þingmönnum kjördæmisins 13. febrúar.

Oddviti sat opinn umræðufund 23. febrúar um framtíð Handversk-og hússtjórnarskólans á Hallormsstað.

Forsvarsmenn Gróðrarstöðvarinnar Barri ehf áttu fund 23. febrúar, með oddvita , Önnu Jónu og Þorvarði, þar sem rædd voru málefni fyrirtækisins.

15. febrúar fundaði sveitarstjórn með fulltrúum Fljótaldshrepps í dómnefnd um hönnunarsamkeppni- Hengifoss. Tillögur voru skoðaðar og rætt um kosti og galla. Samkeppnisgögn hafa nú verið send til Reykjavíkur til rýnifundar með tillöguhöfum . Að því loknu verða gögnin varðveitt á Hönnunarsafni Íslands. Enn liggur ekki fyrir hvort Fljótaldshreppur hlýtur styrk úr Framkvæmdasjóði ferðamanna á þessu ári. Ekki verða teknar ákvarðanir er verða uppbyggingu svæðisins fyrr en ljóst er með styrk.

Svæðisráð Austursvæðis Vatnajökulspjóðgarðs vekur athygli á að kynningarferli á stjórnun og verndaráætlun fyrir Kringilsárrana er hafið . Hægt er kynna sé gögn á heimasíðu Umhverfisstofnunar [www.ust.is](http://www.ust.is).

Fyrirhugað er að síðar í mánuðinum verði haldinn fundur í Végarði um ferðaþjónustu í Fljótaldshreppi.

#### 2. Deiliskipulag Geldingafell.

Sveitarstjórn Fljótdalshrepps samþykkti 06.09 2016, að auglýsa tillögu að deiliskipulagi Geldingafellssvæðis, skv. 1.mgr. 41. gr Skipulagslaga nr. 123/2010.

Tillagan sem sett var fram á uppdrætti og í greinagerð var auglýst frá 16.09 2016 og frestur til að skila inn athugasemdum var til 04.11 2016.

Umsagnir/athugasemdir bárust frá eftirtöldum aðilum innan tilskilins frests.

Skipulagsstofnun dags. 05.10 2016. Kynnt

Forsætisráðuneytinu dags. 05.10 2016. Kynnt

Heilbrigðiseftirliti Austurlands dags. 29.10 2016. Kynnt

Vegagerðinni tölvupóstur dags. 03.11 2016. Kynnt

Minjastofnun ódags. Kynnt

Umhverfisstofnun dags. 19.10 2016. Kynnt

Byggingar-og skipulagsnefnd Fljótsdalshrepps fjallaði um deiliskipulagstillöguna, umsagnir og tillögu skipulagsráðgjafa að svörum á fundi 30.01 2017. Nefndin veur athygli á hvernig fjallað er um vatns- og fráveitumálum á svæðinu í greinagerð, en samþykkir fyrir sitt leyti afgreiðslu málsins.

Fyrir liggur tillaga frá skipulagsráðgjafa að svörum við þeim athugasemdum sem bárust og uppfærð skipulagsgögn dags. 06.01 2017.

#### **Skipulagsstofnun:**

Orðalagi varðandi byggingarmagn hefur verið breytt. Talað er nú um lóð og eru stærðir byggingareita fyrir skála, landvarðahús og salerni nú skilgreindar í kafla 3.3. og einnig sýndir á uppdrætti.

- *Lóð svæðisins er rúmir 4400 m<sup>2</sup> en nýtingarhlutfall hennar skal ekki fara yfir 5%. Byggingarreitir Geldingafellsskála er 200 m<sup>2</sup>, fyrir landvarðahús 160 m<sup>2</sup> og 30 m<sup>2</sup> fyrir salerni.*

Skilmálar fyrir bílastæði og tjaldstæði hafa verið settir í kafla 3.2. Fjöldi bílastæða hefur verið minnkaður úr 31 stæði í 15.

- *Við gerð á bílastæðum og tjaldstæði skal leitast eftir að breyta ásýnd lands sem minnst og afmörkun stæða skuli vera sem náttúrulegust. Með bættum vegasamgöngum að svæðinu má gera ráð fyrir að umferð um það aukist og því er nauðsynlegt að gera ráð fyrir að allt að 15 bílar geti verið þar í einu.*

Bætt hefur verið í texta að byggingar séu háðar byggingar og framkvæmdarleyfi.

#### **Heilbrigðiseftirlit Austurlands:**

Í kafla 2.3 hefur orðalagi varðandi þurrsalerni verið breytt.

- *Þurrsalerni eru ekki háð starfsleyfi, heldur aðeins samþykki HAUST samkvæmt reglugerð um fráveitur og skólp nr. 798/1999. Almenningsalerni eru háð starfsleyfi heilbrigðisnefndar og er gildandi starfsleyfi fyrir Geldingafell gefið út í júní 2007 með gildistíma til 28.06.2019.*

Bætt hefur verið í texta í kafla 3.5. að möguleiki sé að leiða vatn úr opnum læk í krana með ákveðnum skilyrðum.

- *Engin vatnsveita er á svæðinu og ekki er stefnt að gerð hennar. Þó er sá möguleiki fyrir hendi, fjölgji ferðamönnum, að leiða vatn úr nálægri á í krana á svæðinu. Þá yrði að merkja skýrum hættu að ekki væri um neysluvatn að ræða heldur aðeins vatn til upphitunar og þvotta en yrði að sjóða fyrir neyslu.*

Í markmiðskaflanum nr 3.1 hefur það verið fjarlægt að gera skuli ráð fyrir salerni í mögulegri skálabyggingu fyrir landverði.

### **Forsætisráðuneytið**

Í kafla 2.3. í greinagerð hefur verið sett inn skilgreining :

- *öll nýting og jarðrask sem varir lengur en í eitt ár eru háðar samþykki forsætisráðuneytis skv. 3. mgr. 3. gr. laga nr.58/1998 um þjóðlendur og ákvörðun marka eignarlanda, þjóðlenda og afrétta-*

### **Umhverfisstofnun**

Í kafla 4.6. í greinagerð hefur orðalagi varðandi áhrifa skipulags á gróður verið breytt. Eins hefur vægi verið breytt í töflu 5.

Með vísan í 41. og 42. gr. skiplagslaga nr. 123/2010 samþykkir sveitarstjórn deiliskipulagstillöguna svo breytta. Tillaga að svörum við athugasemdum er samþykkt og oddvita er falið að svara þeim er sendu inn athugasemdir, auglýsa niðurstöðu sveitarstjórnar og senda Skipulagsstofnun tillöguna til meðferðar.

**3. Þjónustusamfélagið á Héraði.** Óskar eftir því að Fljótsdalshreppur komi í félagið, eða að því á einhvern hátt. Ekki áhugi fyrir því að þiggja það.

#### **4. Eldri útihús á Langhúsum**

Minnisblað minjavarðar 18.10 2016. Úttekt minjavarðar á útihúsum á Langhúsum. Minjavörður leggur til að sveitarstjórn óski eftir friðlýsingu bæjartorfunnar. Samþykkt að kanna hvað fælist í friðlýsingu og einnig að kanna hug landeigenda varðandi það.

**5. Gróðrarstöðin Barri ehf.** Óskað er eftir að hluthafar auki hlutafé sitt. Stefnt er að aukningu um kr. 5 millj. Fljótsdalshreppur á 5,2 % hlut í félaginu. Samþykkt að auka hlutafé í samræmi við hlut sveitarfélagsins og í samræmi við það hlutafé sem safnast.

**6. Ósk um umsögn á skipulagslýsingu/Fljótsdalshérað tölvupóstur dags. 16.02 2017.** Ekki gerðar neinar athugasemdir.

**7. Samningur við Fjölís um afritun verndaðra verka.** Samþykktur fyrir hönd Fljótsdalshrepps og oddvita falið að rita undir samninginn.

#### **8. Fjallskil, greiðsla reiknings**

Sveitarstjórn samþykkir að greiða reikninginn enda verkið unnið og reikningur gerður í samráði við fjallskilastjóra . Oddvita falið að kanna möguleika á endurkröfu á viðkomandi fjáreigendur vegna eftirlegukinda sem sveitarsjóður kostar smölun á eftir 22. október.

Rætt almennt um fjallskil í sveitarfélaginu og hvort eitthvað væri hægt að gera til úrbóta. Minnst var á að vandamálin væru ekki einskorðuð við þetta sveitarfélag, víða um land væru fregnir af því að eftirlegufé er á fjöllum langt fram eftir vetri og gengi jafnvel úti. Æskilegt væri að fá umræðu um þessi mál á landsvísu, en næsta skref gæti verið að frá aðalfundi BFF komi tillaga til umræðu á aðalfundi Búnaðarsambands Austurlands.

**9. Afskrift í bókhaldi.** Sveitarstjórn heimilar að fella niður gamla skuld vegna vaxta og ógreiddra fasteignagjalda Rekís ehf kr. 12.060-

#### **10. Bréf**

- a) Forsætisráðuneytið 13.02 2017. Varðar lóð við Laugarfell. Kynnt.
- b) Þjóðskrá dags. 13.02 2017. Íbúskrá 1. des kynnt.
- c) Ríkisendurskoðun dags. 31.01 2017. Varðar skil á ársreikningi 2016 Landbótasjóðs
- d) LEX lögmannsstofa dags. 27.02 2017 Varðar málshöfðun gegn íslenska ríkinu og Jöfnunarsjóði sveitarfélaga.
- e) Byggðastofnun dags. 22.02 2017. Svar við erindi Fljótsdalshrepp varðandi ósk um byggðaþróunarverkefni. Byggðastofnun hvetur Sveitarfélagið að leita til Austurbrúar um ráðgjöf.
- f) EBÍ Brunabót dags. 23.02 2017. Auglýst er eftir styrkumsóknum fyrir 2017. Ný regla er að öllu jöfnu fá sveitarfélög ekki styrk tvö ár í röð. Fljótsdalshreppur fékk styrk 2016.
- g) Afrit af umsögn Brunavarna á Austurlandi , um reglugerð um eldvarnir og eldvarnareftirlit, dags, 10.02 2017. Varðar drög að reglugerð um eldvarnir og eldvarnareftirlit. Kynnt.
- h) Minnisblað HSA dags. 28.02 2017. Varðar brýn málefni HSA. Kynnt.

*Gunnþórunn vék af fundi*

#### **11. Umhverfisstyrkir**

Friðrik I. Ingólfsson , Valþjófsstað 2. Samþykktur hámarksstyrkur.

*Gunnþórunn kom aftur til fundar.*

#### **12. Fjárbeiðnir.**

- c) ALZHEIMER samtökin. Hafnað.
- d) Stuðningsfélagið Kraftur. Hafnað.

#### **13. Fundargerðir**

- e) Ársalir 23.02 2017 . Breyting á samþykktum samlagsins. Fundargerðin kynnt og smávægilegar breytingar á samþykktunum Ársala samþykktar af hálfu Fljótdalshrepps.
- f) Félagsmálanefnd 22.02 2017. Kynnt .
- g) HAUST 08.02 2017. Kynnt.

h) Almannafræðingarnefnd Múlaþings 28.02 2017. Kynnt.

#### 14. Önnur mál.

- a) Boðið er á Stóru upplestrarkeppnina í Egilsstaðaskóla 14. mars kl 16.00
- b) Samþykkt að sækja um í Styrkvegasjóð á þessu ári , vegna vegar í Fjallaskarð, slóða á Gilsárdal , slóða frá Sturluflöt að Strútsá og Klausturselsleiðar. Um væri að ræða að minni lagfæringar s.s. á bleytuköflum , og laga úrrennsli, en einnig að fá grjótmulningsvél sem er væntanleg á svæðið til að fara á hluta leiðar í Fjallaskarð o.e.t.v. fleiri slóðir. Þess utan hefur verið rætt um að sækja um styrk úr Styrkvegasjóði með Vatnajökulspjóðgarði, vegna úrbóta á slóð að Eyjakofa.
- c) Húsvörður Végarðs hefur sagt starfi sínu lausu. Samþykkt að auglýsa eftir húsverði til að sjá um eftirlit með húsinu og viðhald.
- d) Kaup Fljótsdalshrepps á gámahúsi /starfsmannahúsi í Laugarfelli af af rekstraraðilum eru frágengin. Von er á teikningum frá Arkís , af risi og forstofu á næstu dögum og verður þá óskað byggingaleyfis.
- e) Anna Jóna sagði frá því að þorablótsnefnd Útbæinga hefði gert hreint í Végarði fyrir þorablót og hrósaði karlmönnum í nefndinni sem hefðu staðið sig einstaklega vel við þriffin.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 18.00

Þorvarður ritaði fundargerð í tölvu

Gunnþórunn Ingólfssdóttir (sign)

Lárus Heiðarsson (sign)

Þorvarður Ingimarsson (sign)

Anna Jóna Árnarsdóttir (sign)

Eiríkur J. Kjerúlf (sign)